

SAMSTARFSSAMNINGUR

Með vísan til laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gera sveitarfélög á Norðurlandi eystra með sér eftirfarandi samstarfssamning um skipan heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra og rekstur heilbrigðiseftirlits.

1. grein

Aðild að samstarfssamningnum eiga:

Akureyrarbær	Dalvíkurbyggð	Eyjafjarðarsveit	Grýtubakkahreppur
Hörgársveit	Langanesbyggð	Norðurþing	Svalbarðsstrandahreppur
Tjörneshreppur	Þingeyjarsveit		

2. grein

Heilbrigðisnefnd skal skipuð af stjórn SSNE að afloknum sveitarstjórnarkosningum og er kjörtími hennar fjögur ár eða þar til ný nefnd hefur verið skipuð. Í heilbrigðisnefnd eru skipaðir sex fulltrúar.

Stjórn SSNE skipar fimm aðalfulltrúa og fimm til vara samkvæmt eftirfarandi tilnefningu: Bæjarstjórn Akureyrar tilnefnir tvo aðalfulltrúa, þar af formann, og tvo varafulltrúa. Aðrar sveitarstjórnir í Eyjafirði tilnefna einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa. Sveitarstjórn Norðurþings tilnefnir einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa. Aðrar sveitarstjórnir í Þingeyjarsýslum tilnefna einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa.

Samtök atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu skipa einn aðalmann í nefndina og einn til vara. Náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa í nefndina til viðbótar en sá fulltrúi hefur ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu mála í nefndinni.

3. grein

Heilbrigðisnefnd starfar samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með áorðnum breytingum eftir því sem við á og samkvæmt samstarfssamningi þessum og sérstöku erindisbréfi sem sveitarstjórnir setja henni.

Heilbrigðisnefnd skal ráða framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Sveitarstjórnir setja framkvæmdastjóra starfslýsingu að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar. Aðsetur heilbrigðiseftirlitsins skal að minnsta kosti vera á Akureyri og Húsavík.

4. grein

Heilbrigðisnefnd semur fjárhagsáætlun fyrir starfsemi heilbrigðiseftirlitsins fyrir næsta reikningsár, sem er almanaksárið. Fjárhagsáætlun skal skipta í rekstrar- og eignabreytingaáætlun. Í rekstraráætlun skulu tilgreindar rekstrartekjur og rekstrargjöld. Í eignabreytingaáætlun skulu tilgreindar allar áætlaðar eignabreytingar svo sem fjárfestingar, sala eigna, lántökur og afborganir. Fjárhagsáætlun skal senda sveitarstjórnnum til umfjöllunar eigi síðar en 1. september. Sveitarstjórn telst samþykkt fjárhagsáætlun hafi athugasemd ekki verið gerð fyrir 1. desember.

Fjárhagsáætlun er samþykkt þegar sveitarstjórnir sem bera 2/3 útgjalda hafa fallist á hana. Fjárhagsáætlun skal lögð fyrir aukabingi SSNE að hausti til umfjöllunar eða vera kynnt sérstaklega á opnum fundi á vegum SSNE.

Samþykkt fjárhagsáætlun er fjárhagslegur starfsrammi heilbrigðisnefndar og skal tekjuöflun og ráðstöfun fjár vera í samræmi við hana.

5. grein

Með fjárhagsáætlun lætur heilbrigðisnefnd sveitarfélögum í té lista yfir eftirlitsskylda starfsemi í hverju sveitarfélagi ásamt gjaldskrá sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 7/1998. Hverri sveitarstjórn er heimilt að leggja á og innheimta eftirlitsgjöld.

Mögulegar tekjur sveitarfélaga samkvæmt gjaldskrá, sem sett er fyrir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, skulu renna til heilbrigðiseftirlitsins og færðar til tekna í fjárhagsáætlun hvers árs. Það sem á vantar að eftirlitsgjöld nægi fyrir útgjöldum skal jafnað milli sveitarfélaga í hlutfalli við íbúatölu þeirra næstliðinn 1. desember, sbr. 1. mgr. laga nr. 7/1998.

6. grein

- 6.1. Framkvæmdastjóra, deildar- og sviðsstjórum er samkvæmt heimild í 48.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, heimilt að gefa út eftirfarandi leyfi fyrir hönd heilbrigðisnefndar, þar sem skilyrðum laga og reglna er fullnægt:
 - a) Starfsleyfi í samræmi við 6. og 7.gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.
 - b) Starfsleyfi í samræmi við 9. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.
 - c) Tóbakssöluleyfi skv. lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
- 6.2. Framkvæmdastjóra er heimilt samþykkja skráningu atvinnurekstrar sem fellur undir reglugerð 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur í þeim tilfellum þar sem skilyrðum laga og reglna er fullnægt.
- 6.3. Framkvæmdastjóra er falið að svara erindum og bréfum f.h. nefndarinnar.
- 6.4. Framkvæmdastjóri og aðrir heilbrigðisfulltrúar sjá um að gefa umsagnir um rekstrarleyfi fyrir veitinga og gististaði samkvæmt lögum nr. 85/2007 veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- 6.5. Framkvæmdastjóri, deildar og sviðsstjórar sjá um að vinna umsagnir um teikningar og skipulagstillögur frá sveitarstjórnnum sem og samþykktir sveitarfélaga skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
- 6.6. Framkvæmdastjóri getur ávallt vísað málum skv. 6.1 – 6.5 til afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skal vísa málinu til afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Um mál sem orka tvímælis, t.d. umsóknir um starfsleyfi þar sem skilyrði eru ekki uppfyllt, en mál þola ekki bið, er framkvæmdastjóra falið að afgreiða mál að höfðu samráði við formann heilbrigðisnefndar, svo framarlega sem þessir aðilar eru sammála um afgreiðsluna. Jafnframt er heimilt að leita samþykkis heilbrigðisnefndar með tölvupósti í einstaka málum ef tilefni er til. Að öðrum kosti skal ákvörðun tekin á fundi heilbrigðisnefndar.
- 6.7. Framangreindar afgreiðslur skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi heilbrigðisnefndar.

7. grein

Heilbrigðisnefnd sér um innheimtu framlaga sveitarfélaganna og annarra tekna, greiðslu reikninga og reikningsskil. Hún sér um að afhenda bókhaldsgögn uppfærð og afstemmd í hendur löggilts endurskoðanda sem hún ræður. Heimilt er að ráða sérstakan aðila til að sjá um fjárreiður og bókhald. Heilbrigðisnefnd skal senda sveitarstjórnnum endurskoðaðan og áritaðan reikning til umfjöllunar fyrir 1. maí ár hvert. Hafi sveitarstjórn eigi gert athugasemd við reikninginn fyrir 1. júní telst hún samþykkt honum. Þegar sveitarstjórnir sem bera 2/3 útgjalda hafa samþykkt ársreikning telst hann staðfestur.

8. grein

Ársskýrsla heilbrigðiseftirlitsins og ársreikningur skal lagður fram til umræðu á ársþingi SSNE.

9. grein

Sveitarstjórn getur óskað eftir fundi með heilbrigðisnefnd til að ræða rekstur og starfsemi heilbrigðiseftirlitsins. Komi fram slík ósk skal orðið við henni innan tveggja vikna. Samning þennan skal taka til endurskoðunar ef eitthvert sveitarfélag óskar þess.

10. grein

Samningur þessi tók gildi með staðfestingu Ársþings SSNE 14. apríl 2023 og kom þá í stað samstarfssamnings sem var samþykktur á aðalfundi Eyþings 23. september 2006.